

**Fundargerð samstarfsnefndar  
KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannáþjónustu,  
og  
Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og KJALAR, stéttarfélags starfsmanna í almannáþjónustu, í Borgartúni 30, þann 11. febrúar 2019, kl. 12:00.

Mættar voru Arna Jakobína Björnsdóttir fulltrúi KJALAR og frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

**1. Uppsögn á fastri yfirvinnu starfsmanns hafnar – 1902019SA**

Erindi frá fulltrúa KJALAR vegna uppsagnar á fastri yfirvinnu þriggja starfsmanna hafnar. Uppsögnin var gerð með þriggja mánaða fyrirvara frá 1. febrúar að telja. Starfsmennirnir eru hins vegar allir ornir 63 ára og hafa starfað í meira en 10 ár hjá sveitarfélaginu. Samkvæmt gr. 11.1.3.3 í gildandi kjarasamningi aðila eiga starfsmennirnir allir 6 mánaða uppsagnarfrest. Fulltrúar Kjalara fara fram á að vinnuveitandi virði kjarasamningsbundinn uppsagnarfrest starfsmanna.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála því að sveitarfélaginu beri að virða kjarasamningsbundin réttindi starfsmanna varðandi uppsögn fastra ráðningarkjara og leiðrétta áður nefnda uppsögn á fastri yfirvinnu starfsmanna hafnarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.